

Eftirlit með markaðssetningu og merkingum sæfivara

Vöruflokkar 2 og 4

Dagsetning	4.7.2022
Fyrirtæki	Takk hreinlæti ehf. (áður Mjöll-Frigg ehf.)
Heimilisfang	Draghálsi 18-26, 110 Reykjavík
Kennitala	6212973259
Starfsemi	46.44.2 Heildverslun með hreingerningarefni
Eftirlitsstaður	Norðurellu 10, 221 Hafnarfirði
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Sigrún Guðmundsdóttir
Eftirlitsmaður	Páll Jökull Þorsteinsson
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Sigurður I. Sigurðsson sigurduri@takk.is

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.) þann 4.7.2022. Skoðaðar voru sex vörur í vöruflokkum 2 og 4 og þar af reyndust vörurnar Alfaquat 15.000ppm, Sjúkrahússpritt 85%, 15% Klór, Virex sóttreinsiduft og IP-4000 ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

BPR: Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur¹.

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna².

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP reglugerðarinnar um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH) sem innleidd er í íslenskan rétt með

¹ Samsett reglugerð [nr. 878/2014](#) á vef Umhverfisstofnunar.

² Samsett reglugerð [nr. 415/2014](#) á vef Umhverfisstofnunar.

reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)³.

Sæfivara:

- sérhvert efni eða blanda, í því formi sem efnið eða blandan er afhent notendum, sem samanstendur af, inniheldur eða myndar eitt eða fleiri virk efni og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum,
- sérhvert efni eða blanda sem myndast úr efnum eða blöndum sem sjálf falla ekki undir fyrsta undirlið og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum.

Virkt efni: Efni eða örvera sem verkar á skaðlegar lífverur eða verkar gegn þeim.

ÖRYGGISBLÖÐ SÆFIVARA

Öryggisblöð fyrir sæfivörur eiga, eftir atvikum, að vera tekin saman og gerð aðgengileg í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (REACH). Upplýsingar í öryggisblöðum eiga að vera nákvæmar, skiljanlegar og eiga sérstaklega við efnið eða efnablönduna sem um ræðir. Öryggisblöð eiga að vera í samræmi við ákvæði II. viðauka við REACH reglugerðina (nýjustu útgáfu hans má nálgast í reglugerð (ESB) 2020/878 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)).

MARKAÐSLEYFI SÆFIVARA OG 95 LISTINN

Sæfivörur þurfa að hafa markaðsleyfi svo heimilt sé að bjóða þær fram á markaði hér á landi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 og 35. gr. efnalaga nr. 61/2013. Markaðsleyfi sæfivara er gefið út á grundvelli áhættumats þeirra virku efna sem varan inniheldur. Áhættumat virku efnanna er því forsenda þess að hægt sé að gefa út markaðsleyfi. Ef vara inniheldur aðeins virk efni sem hafa verið samþykkt í áhættumati fyrir þann vöruflokk sem varan tilheyrir þarf hún markaðsleyfi svo leyfilegt sé að bjóða hana fram á markaði. Ef varan inniheldur aðeins virk efni sem hafa verið samþykkt til notkunar í sæfivörur í tilteknum vöruflokki og virk efni sem eru ennþá í áhættumati má bjóða vöruna fram á markaði án markaðsleyfis þar til áhættumati er lokið fyrir öll virku efnin sem hún inniheldur. Óheimilt er að bjóða vöru fram á markaði sem inniheldur efni sem hefur verið bannað til notkunar í sæfivörur í tilteknum vöruflokki.

Sæfivöru sem inniheldur eða myndar virkt efni má ekki bjóða fram á markaði nema að birgir efnisins eða vörunnar sé skráður á svokallaðan 95 lista fyrir viðeigandi vöruflokk, sbr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR). 95 listinn er skrá yfir fyrirtæki sem hafa skilað inn málsskjöllum eða aðgangsheimild að málsskjöllum fyrir virk efni og er tilgangur skráningarinnar að dreifa kostnaði vegna áhættumats. 95 listinn er aðgengilegur á vefsíðu Efnastofnunar Evrópu (ECHA)⁴.

MERKING SÆFIVARA

Sæfivörur, með markaðsleyfi, eiga að vera flokkaðar, þeim pakkað og þær merktar í samræmi við upplýsingar í markaðsleyfi viðkomandi vöru og, eftir atvikum, reglugerð (EB) nr. 1272/2008

³ Samsett reglugerð [nr. 888/2015](#) á vef Umhverfisstofnar.

⁴ [95 listinn](#) á vef Efnastofnunar Evrópu (ECHA)

(CLP). Sæfivörur, sem umbreytingaráðstafanir gilda um, sbr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR), eiga að vera merktar í samræmi við CLP reglugerðina.

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP reglugerðinni eru ákvæði um merkingar efnavara. Samkvæmt þeim ákvæðum skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014. Merkingar innfluttra vara mega samkvæmt undantekningum bera upprunalegar merkingar á ensku, dönsku, norsku eða sænsku ef rúmmál innfluttrar vörutegundar er undir 125 ml og fellur undir lið 1.5.2.1. í I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sbr. 2. mgr. 4. gr. eða vara er eingöngu ætluð til notkunar á rannsóknarstofum eða við raungreinakennslu í skólum eða öðrum hliðstæðum tilgangi.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða efnis eða efnablöndu, sem flokkast sem hættuleg og er í umbúðum, í samræmi við framangreindar kröfur, sbr. neðangreindar vísanir í einstök ákvæði CLP reglugerðar:

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- Tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörुकenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörुकenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - o Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - o Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörunarorð (Varúð eða Hætta) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarmarkeringar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 x 74, ef unnt er	

		ekki minna en 10 x 10 a.m.k. 16 x 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 x 105	a.m.k. 23 x 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 x 148	a.m.k. 32 x 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 x 210	a.m.k. 46 x 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP reglugerð.

ÁÞREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um áþreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skytt er að setja áþreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).


Áþreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er að finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skytt er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).
- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórómetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.



UMFANG EFTIRLITS

Vísað er til bréfs stofnunarinnar, dags. 4.7.2022, þar sem eftirlitsverkefni var kynnt með sæfivörum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 528/2012 (BPR) í íslenskan rétt. Eftirlitið fór fram sama dag og náði til sex sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 sem Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.) býður fram á markaði og var markmið þess að skoða hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi, merkingar og 95 listann, sbr. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og skilyrði um merkingar, sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Verkefnið er hluti af samevrópsku eftirlitsverkefni, BEF-2, á vegum Efnastofnunar Evrópu. Markmið þess er að tryggja öruggeri markað fyrir sæfivörur og jafna kröfur á fyrirtæki með samræmdum aðgerðum. Einnig að vekja athygli fyrirtækja sem bjóða sæfivörur fram á markaði á þeim lögum og reglugerðum sem gilda.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Alfaquat 15.000ppm	5690330068372
Sjúkrahússpritt 85%	5690570141125
15% Klór	5690579126109
Virex Sótthreinsiduft	N/A
IP-4000	5690515180202
Fix Tip Top	5690515186051

FRÁVIK⁵

Vara	Lýsing	Birgir ⁶
Alfaquat 15.000ppm	Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP: <ul style="list-style-type: none"> a) Hættumerki er ofaukið miðað við hættuflokkun í öryggisblaði. Fjarlægja skal hættumerkið. b) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun, sbr. öryggisblað og f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. Hættusetningu H412 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun. 	Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.)

⁵ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

⁶ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

	<p>c) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun, sbr. öryggisblað og g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. Yfirfara þarf allar varnaðarsetningar þannig að þær séu í samræmi við hættuflokkun.</p> <p>d) Formúluauðkenni (UFI kóði) vantar, sbr. lið 5 í VIII. viðauka.⁷</p>	
Sjúkrahússpritt 85%	<p>Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun, sbr. öryggisblað og f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. Hættusetningu H319 vantar á íslenskan miða í samræmi við hættuflokkun og hættusetning H225 er ekki fullnægjandi.</p> <p>b) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun, sbr. öryggisblað og g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. Yfirfara þarf allar varnaðarsetningar þannig að þær séu í samræmi við hættuflokkun.</p> <p>c) Formúluauðkenni (UFI kóði) vantar, sbr. lið 5 í VIII. viðauka.⁷</p>	Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.)
15% Klór	<p>Varan inniheldur virka efnið natríum hýpóklórít (CAS nr. 7681-52-9) sem hefur verið samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4. Varan þarf markaðsleyfi á Íslandi svo leyfilegt sé að bjóða hana fram á markaði, sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.</p> <p>Sýna þarf fram á að varan sé með markaðsleyfi hér á landi eða að sótt hafi verið um leyfi fyrir íslenskan markað.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram eða þarf að laga á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættumerki er úrelt og of lítið. Hættumerki GSH05 vantar í samræmi við upplýsingar um hættuflokkun á öryggisblaði. Lágmarksstærð hættumerkis á umbúðum sem eru 3–50 lítrar skal vera a.m.k. 23 x 23 mm, sbr. d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.</p> <p>b) Viðvörðunarorð (Hætta) vantar í samræmi við upplýsingar um hættuflokkun á öryggisblaði, sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</p> <p>c) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun, sbr. öryggisblað og f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p>	Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.)

⁷ [Upplýsingar um formúluauðkenni \(UFI kóði\) af vefsíðu Umhverfisstofnunar.](#)

	<p>Hættusetningarnar H290, H314 og H410 vantar á íslenskan miða.</p> <p>d) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. öryggisblað og g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. Yfirfara þarf allar varnaðarsetningar þannig að þær séu í samræmi við hættuflokkun.</p> <p>e) Formúluauðkenni (UFI kóði) vantar í samræmi við lið 5 í VIII. viðauka. ⁷</p>	
Virex Sótthreinsiduft	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Viðvörunarorð (Hætta) vantar í samræmi við hættuflokkun í öryggisblaði, sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</p> <p>b) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun í öryggisblaði, sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p> <p>c) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun í öryggisblaði, sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð á íslensku vantar alfarið á merkimiða.</p> <p>Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.</p>	Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.)
IP-4000	<p>Varan inniheldur virka efnið natríum hýpóklórít (CAS nr. 7681-52-9) sem hefur verið samþykkt til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 4. Varan þarf markaðsleyfi á Íslandi svo leyfilegt sé að bjóða hana fram á markaði, sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.</p> <p>Sýna þarf fram á að varan sé með markaðsleyfi hér á landi eða að sótt hafi verið um leyfi fyrir íslenskan markað.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þurfa að koma fram á umbúðum, sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p>a) Hættumerki eru úrelt og of lítil. Hættumerkin GSH05 og GSH09 vantar í samræmi við hættuflokkun í öryggisblaði í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka. Lágmarksstærð hættumerkis á umbúðum sem eru 3–50 lítrar skal vera a.m.k. 23</p>	Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.)

	<p>mm x 23 mm, sbr. töflu 1.3 í lið 1.2.14 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1272/2008 (CLP).</p> <p>b) Viðvörunarorð (Hætta) vantar, sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</p> <p>c) Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun í öryggisblaði, sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. Hættusetningar H314 og H410 vantar á íslenskan miða.</p> <p>d) Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun í öryggisblaði, sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. Yfirfara þarf allar varnaðarsetningar þannig að þær séu í samræmi við hættuflokkun.</p> <p>e) Formúluauðkenni (UFI kóði) vantar í samræmi við lið 5 í VIII. viðauka.⁷</p> <p>f) Áþreifanlega viðvörðun vantar á umbúðir vegna hættuflokkunar vörunnar sem húðætandi (H314), sbr. lið 3.2 í II. viðauka</p>	
--	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--

ÁBENDINGAR

Varan Fix Tip Top er ofmerkt. Varan hættuflokkast ekki og á því ekki að bera hættumerki.

Vakin er athygli á því að í eftirlitinu voru aðeins skoðaðar sex sæfivörur. Miðað við niðurstöður þeirrar skoðunar og fjölda frávíka vegna ósamræmis milli merkingaratriða á miða og hættuflokkunar í öryggisblaði er líklegt að fleiri vörur sem Takk hreinlæti ehf. (áður Mjöll-Frigg ehf.) býður fram á markaði beri ófullnægjandi eða rangar merkingar.

Þrátt fyrir 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR) þurfa vörunar Virex Sótthreinsiduft, Sjúkrahússpritt 85%, Alfaquat 15.000ppm og Fix Tip Top ekki markaðsleyfi eins og er. Þar sem vörunar innihalda virkt efni sem er enn í áhættumati í vöruflokkum 2 og 4 gilda umbreytingaráðstafanir, sbr. 89. gr. BPR. Þegar síðasta virka innihaldsefni tiltekinnar vöru hefur verið samþykkt í áhættumati fyrir vöruflokkinn sem hún fellur undir þarf að sækja um markaðsleyfi fyrir íslenskan markað eða að öðrum kosti taka hana af markaði. Ef virkt innihaldsefni er ekki samþykkt til notkunar í sæfivörur í viðkomandi vöruflokki má ekki markaðssetja vörur sem innihalda efnið og falla undir vöruflokkinn sem um ræðir.

Þar sem EITRUNARMÍÐSTÖÐ er tilgreind sem viðeigandi aðili er ráðlegt að gefa jafnframt upp símanúmer hennar og neyðarnúmer; s. 543 2222 / 112 á öryggisblaði og á merkimiða.

Formúluauðkenni (UFI-kóði)

Vakin er athygli á því að UFI-kóðinn var innleiddur sem merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2021, í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum. Upplýsingar um UFI-kóðann má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.⁸

Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

⁸ [Upplýsingar um UFI-kóðann má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.](#)

Á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð merkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga.⁹

Reykjavík, 12.6.2023

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

⁹ [Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar af vefsíðu Umhverfisstofnunar](#)